

Vatnajökulsþjóðgarður  
Urriðaholtsstræti 6-8  
210 Garðabær

Garðabær, 9. ágúst 2021  
Tilvísun: 202105-0035  
SS  
SS

**Efni: Umsögn um breytingatillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs.**

Vísað er í bréf frá Vatnajökulsþjóðgarði dags. 21. maí 2021, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um breytingatillögu að Stjórnunar- og verndaráætlun Vatnajökulsþjóðgarðs. Náttúrufræðistofnun Ísland hefur kynnt sér breytingatillöguna og veitir eftirfarandi umsögn.

Breytingatillagan byggir að stórum hluta til á uppfærslum á gildandi stjórnunar- og verndaráætlun frá 2013 sem er sú önnur í röðinni frá stofnun þjóðgarðsins. Uppfærslurnar eru m.a. vegna breytinga á þjóðgarðinum sjálfum (stækkun, tilnefning á Heimsminjaskrá UNESCO) og breytinga á lögum og reglugerðum. Aðrar sértækari breytingar er varða stefnu í tilteknum málaflokkum eða framkvæmd einstakra aðgerða gjarnan á svæðisbundin hátt eru þó allnokkrar og verður einkum fjallað um þær hér í þessari umsögn.

Stefnt er að heildarendurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar Vatnajökulsþjóðgarðs á næstunni. Náttúrufræðistofnun Íslands á von á að taka þátt í því ferli og fá ýmis tækifæri til að koma á fram almennum ábendingum og því verður ekki vikið að þeim í þessari umsögn heldur áhersla lögð á þær breytingatillögur sem eru til kynningar.

Ein breytingatillagan varðar viðbótarupplýsingar um Holuhraun hið nýja sem varð til við gos í Bárðarbungu 2014-2015 og því eftir að gildandi stjórnunar- og verndaráætlun var unnin. Náttúrufræðistofnun vekur athygli á því að í ljósi eldsumbrota í Holuhrauni þarf að uppfæra texta um jarðfræðilega fjölbreytni á bls. 30 í gildandi stjórnunar- og verndaráætlun þar sem fjallað er um elsta og yngsta berg í þjóðgarðinum. Einnig er nokkuð sérstakt að Bárðarbungueldstöðin sé ekki nefnd á nafn í kafla um rannsóknir á bls. 36.

Í kafla 8 um mat á verndargildi er bætt við umfjöllun um heildarendurskoðun stjórnunar- og verndaráætlunar og að mat á verndargildi verði yfirfarið og endurskoðað. Þar er m.a. vísað til vistgerðaflokkunar Náttúrufræðistofnunar Íslands sem lykilþáttar sem taka þarf tillit til. Náttúrufræðistofnun tekur undir mikilvægi vistgerðaflokkunarinnar en vill benda á fleiri nýleg gögn frá stofnuninni sem eru mikilvæg til grundvallar mats á verndargildi en það eru t.d. kortlagning og flokkun mikilvægra fuglasvæða ([Mikilvæg fuglasvæði | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#)) þar sem þjóðgarðurinn er skilgreindur sem eitt af þeim svæðum, nýr valisti æðplantna frá 2018 ([Plöntur | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#)), nýr valisti fugla frá 2018 ([Fuglar | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#)), fyrsti valisti spendýra frá 2018 ([Spendýr | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#)), kortlagning selalátra við Ísland



([https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit\\_56.pdf](https://utgafa.ni.is/fjolrit/Fjolrit_56.pdf)), kortlagning náttúruminja sem falla undir ákvæði um sérstaka verndun sbr. 61. grein laga nr. 60/2013 um náttúruvernd ([Sérstök vernd náttúru fyrirbæra \(ni.is\)](#)) og að lokum tilnefningar Náttúrufræðistofnunar að framkvæmdaáætlun (B-hluta) náttúruminjaskrár þar sem Vatnajökulsþjóðgarður er eitt af svæðunum sem tilnefnd eru en einnig mörg svæði sem liggja að eða eru nálægt þjóðgarðinum ([Náttúruminjaskrá | Náttúrufræðistofnun Íslands \(ni.is\)](#)). Þá eru í vinnslu hjá Náttúrufræðistofnun tillaga að C-hluta náttúruminjaskrár. Náttúrufræðistofnun gerir ráð fyrir að fá að veita ráðgjöf við endurskoðun á mati á verndargildi þegar farið verður í þá vinnu.

Í kafla 9.1.1. um dreifð verndarsvæði, nánar tiltekið í undirkafla um svæði þar sem framandi tegundir breiðast út er bætt við setningu um að lúpína hafi breiðst enn frekar út á síðustu áratugum. Náttúrufræðistofnun bendir á skýrslu Sigurðar Kristins Guðjohnsen og Borgþórs Magnússonar frá 2019 ([NI-19001.pdf](#)) þar sem útbreiðsla og flatarmál lúpínubreiða er metin og kortlögð fyrir árið 2017. Því eru til nýrri upplýsingar um aukningu á útbreiðslu lúpínu innan þjóðgarðsins.

Bætt er við texta um truflun af lágflugi flugvéla og dróna á burðartíma hreindýra og á varp- og fellitíma heiðagæsa og að takmarka eigi slíkt flug í samstarfi við flugmálayfirvöld og Náttúrustofu viðkomandi svæðis. Að mati Náttúrufræðistofnunar ætti einnig að minnast á þylur í þessu sambandi.

Nýr undirkafla um nýmyndanir í náttúrunni er jákvæð viðbót að mati Náttúrufræðistofnunar. Mikilvægt er að skilgreining á hvað sé nýmyndun sé ígrunduð vandlega. Nýmyndanir eru alla jafna afleiðingar jarðfræðilegra ferla en þegar lífrænir þættir koma einnig við sögu t.d. nýtt landnám lífvera eða skyndilegar og miklar breytingar á gróðurframvindu geta skilgreiningar og afmarkanir á fyrirbærum orðið vandasamari. Þá ber einnig að taka tillit til þess að lífríkisbreytingar geta einnig vakið athygli og laðað að áhugasama gesti ekki síður en breytingar vegna jarðfræðilegra atvika.

Jákvætt er að sett sé almenn umfjöllun um dróna og önnur fjarstýrð loftför. Ef til vill mætti fjalla betur um í stjórnunar- og verndaráætlun hvers konar verklagsreglur gæti verið um að ræða á tilteknum svæðum (eins og gert var varðandi varp- og fellisvæði heiðagæsa og burðarsvæði hreinkúra). Það væri væntanlega bann við notkun dróna, algjört eða tímabundið, í flestum tilfellum en mögulega takmarkanir á tilteknum gerðum dróna.


Í kafla 9.3.1 er fjallað um vegi og aðkomuleiðir og greint frá breytingum á stöðu nokkurra vega. Í umfjöllun um Langavatnshöfðaveg er gert ráð fyrir bílastæði, áningarstöðum og gönguleiðatengingum við Hljóðakletta og Rauðhóla. Um töluverða innviðagerð er að ræða og útfærslur á t.d. gönguleiðatengingum hafa reynst umdeildar. Mikilvægt er að tryggt sé að innviðaupbyggingin sé hófsöm og vinni ekki gegn verndargildi náttúruminja innan þjóðgarðsins.

Í kafla 9.4 er fjallað um áætlað nýtt þjónustusvæði við Dettifossveg. Mjög mikilvægt er að tekið sé tillit til áhrifa á ásýnd svæðisins og landslag við útfærslu á þeirri innviðaupbyggingu sem áætluð sé á nýja þjónustusvæðinu.

Í kafla 9.8 er fjallað um veitur og fjarskipti og meðal annars gert ráð fyrir að heimilt verði að reisa virkjanir 200kW eða minni. Í september taka gildi ný lög um umhverfismat framkvæmda og áætlana og viðmið á matsskyldum framkvæmdum breytast þar með talið varðandi virkjanir. Skoða þarf málefni smávirkjana með það í huga. Einnig er mikilvægt að skoða hvert tilfelli fyrir sig þegar veitt eru leyfi fyrir einstökum virkjunum frekar en að reiða sig á almenn stærðarviðmið. Mjög litlar virkjanir geta verið óæskilegar þar sem verndargildi nánasta umhverfis er hátt og skoða þarf leyfisveitingar og útfærslur með tilliti til þess.

Náttúrufræðistofnun Íslands er tilbúin til að veita frekari ábendingar um einstaka þætti stjórnunar- og verndaráætlunar ef þess er óskað.

Virðingarfyllt,



Snorri Sigurðsson  
Sviðsstjóri náttúruverndar  
Náttúrufræðistofnun Íslands